

REGLUGERÐ

um barnavernd á Dalvík.

1. gr.

Í umdæmi barnaverndar Dalvíkurskólahéraðs er bannað að selja eða afhenda börnum og unglingum innan 16 ára aldurs tóbak, hverju nafni sem það nefnist, gefa þeim það eða láta þeim það í té á nokkurn hátt eða stuðla að því, að þau neyti þess eða hafi það með höndum.

2. gr.

Bönnuð er sala á spýtubrjóstsykri (sleikjum) og brjóstsykurstöngum svo og öðrum þeim sælgætisvörum, sem að áliti barnaverndarnefndar geta talizt á einhvern hátt hættulegar börnum og unglingum.

3. gr.

Engar leiksýningar eða opinberar skemmtanir, sem börnum og unglingum innan 16 ára aldurs er ætlaður aðgangur að, má halda, nema barnaverndarnefnd hafi verið gefinn kostur á að kynnast efni þeirra, og ákveður hún þá, að því athuguðu, hvort börnum og unglingum skuli leyfður aðgangur að þeim.

4. gr.

Löggæzlumaður getur jafnan bannað börnum innan 16 ára aldurs umferð um bryggjur og ferð út í skip og báta í höfninni, ef hann telur ástæðu til.

Börn, 12 ára og yngri, mega ekki vera á almannafæri eftir kl. 20 á tímabilinu frá 1. okt. til 1. maí og ekki eftir kl. 22 á tímabilinu frá 1. maí til 1. okt., nema í fylgd með forsjármönnum.

Börn 13 og 14 ára mega mega ekki vera á almannafæri eftir kl. 22 á tímabilinu frá 1. okt. til 1. maí og ekki eftir kl. 23 á tímabilinu frá 1. maí til 1. okt., nema í fylgd með forsjármönnum.

Börnum og unglingum 15 ára og yngri er óheimill aðgangur að almennum skemmti- og dansstöðum, nema þegar um er að ræða skemmtanir innan barna- og unglingskólans.

Enn fremur er börnum og unglingum, 15 ára og yngri, óheimill aðgangur að kaffi-, öl- og sælgætissölum eftir kl. 20, nema í fylgd með forsjármönnum.

Eigendum og umsjónarmönnum þessara stofnana ber að sjá um, að unglingar fái þar ekki aðgang né hafist þar við.

Foreldrar og húsbændur barnanna skulu stuðla að því, að ákvæðum þessum sé framfylgt.

5. gr.

Börn innan 14 ára aldurs mega ekki selja blöð eða bækur, nema að fengnu leyfi barnaverndarnefndar.

6. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum. Skal farið með mál þeirra brota sem opinber mál.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í l. nr. 29/1947, um vernd barna og ungmenna, og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 31. ágúst 1964.

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

Knútur Hallsson.